

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. nóvember 2024
Málsnúmer: 202409-0038
SS

Efni: Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – Keldur og Keldnaholt.

Vísað er í tölvubréf frá Reykjavíkurborg, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 19. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um verklýsingu skipulagsgerðar og umhverfismats fyrir áætlaða breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 vegna áforma um breytta landnotkun og þróun byggðar í landi Keldna og nágrennis.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér verklýsinguna sem er afar ítarleg. Stofnunin einblínir á atriði er varða verkswið og lögbundið hlutverk stofnunarinnar þ.e.a.s. möguleg áhrif skipulagsins á umhverfi og náttúrufar svæðisins og hvernig umfjöllun um þessi atriði er í verklýsingunni. Stofnunin vill á þessu stigi koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Stefnt er að mikilli breytingu á því svæði sem skipulagið fjallar um þ.e.a.s. landi Keldna og nágrennis sem í dag er að stærstum hluta opið svæði og sem liggur upp að lítt snortnum náttúrusvæðum sem metin hafa verið með hátt verndargildi þ.e.a.s. leiru- og fjörusvæðin í Grafarvogi og Úlfarsá/Korpa og umhverfi hennar. Náttúrufræðistofnun leggur mesta áherslu á í umsögn sinni að lagt sé greinargott mat á áhrif áformaðra skipulagsbreytinga á þessi aðliggjandi náttúrusvæði sem metin eru sérstaklega verðmæt og viðkvæm, en einnig verður fjallað í umsögninni um möguleg áhrif á aðra þætti innan skipulagssvæðisins sem hafa gildi fyrir lífríki, aðrar náttúruminjar, útivist o.fl. Jákvætt er að í markmiðum skipulagsins komi fram að ríkt tillit verði tekið til náttúru og opinna svæða en Náttúrufræðistofnun telur ljóst að vanda þarf til verka þannig að framkvæmd skipulagsins endurspegli það vel í ljósi þess hversu umfangsmikil uppbyggingaráformin eru.

Í umhverfismati skipulagsins verður m.a. horft til þess að meta áhrif á vistkerfi, líffræðilega fjölbreytni, ósnortin náttúrusvæði, landslag, gróður, jarðmyndanir og verndarsvæði. Náttúrufræðistofnun telur afar brýnt að tryggt sé að matið á þessum umhverfisþáttum grundvallist af greinargóðum og uppfærðum (eins og nauðsynlegt er) gögnum sem m.a. byggist á ítarlegum athugunum á vettvangi og mati á verndargildi og viðkvæmni fyrir breytingum. Mikilvægt er að matið nái einnig yfir aðliggjandi náttúrusvæði sem eru sérstaklega viðkvæm og verðmæt þ.e. Grafarvog og Úlfarsá/Korpu. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um nauðsynlega gagnasöfnun og úrvinnslu og túlkun gagna er tengjast fagsviði stofnunarinnar. Í umhverfismatinu er einnig stefnt að því að bera saman ólíka valkosti sem m.a. fela í sér mismikið umfang uppbyggingar og mikilvægt að þeir séu bornir vandlega saman með tilliti til áhrifa á þá umhverfisþætti sem stefnt er að því að meta.

Áformuð er mikil aukning á byggingum á skipulagssvæðinu sem fylgja mun umbreyting á svæðum sem í dag eru að stórum hluta gróin þó um mannvistarsvæði er að ræða s.s. tún, eldri og nýrri, sem nýtt hafa verið til beitar fyrir búfénað, gamlar lóðir frístundahúsa þar sem ræktaður hefur verið ýmislegur gróður sem og önnur röskuð eða hálföröskuð svæði t.d. í kringum

mannvirki og athafnasvæði Tilraunastöðvarinnar á Keldum sem og uppi á Keldnaholti, í og við göngustíga, akvegi og aðra innviði. Svæðið einkennist lítið af upprunalega náttúrulegum gróðri en þar er þó að finna fjölbreytileg gróðurlendi og þ.a.l. margs konar búsvæði lífvera sem hafa gildi þó þau beri mjög sterk merki af áhrifum mannsins. Ofarlega í Keldnalandi og á Keldnaholti er meira um upprunaleg gróðurlendi s.s. mólendis- og graslendi sem þó víða eru að víkja fyrir framandi tegundum einkum alaskalúpínu en einnig trjátegundum. Mikið af þessum opnu grónu svæðum verður raskað og fara undir byggingar og önnur mannvirki þótt einnig verði gert ráð fyrir grænum svæðum miðað við þær forsendur sem kynntar eru í verklýsingunni. Nauðsynlegt er að gera greinargóða úttekt á gróðurfari svæðisins og leggja mat á hvaða gróðurlendi sé æskilegra að hlífa umfram önnur. Fundist hafa sjaldgæfar plöntur t.d. nálægt Grafarlæk sem hlífa ætti fyrir raski.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er afar mikilvægt að tryggja að áformaðar breytingar á Keldnasvæðinu feli ekki í sér ógn fyrir mikilvæg leiru- og fjörusvæði í Grafarvogi. Grafarvogur er ásamt Elliðavogi skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði og hefur Náttúrufræðistofnun tilnefnt voginn fyrir B-hluta náttúruinjaskrár vegna verndargildis. Þar er fuglalíf auðugt allan ársins hring en sérstaklega eru leirurnar mikilvægar sem fæðuöflunarsvæði farfugla en þúsundir vaðfugla koma þar við bæði á vorin og haustin einkum lóuprælar, rauðbrystingar, sanderlur, heiðlóur, jaðrakanar og stelkar. Þá sækja andfuglar og máffuglar í miklum mæli í voginn, einnig á veturna. Leirurnar innarlega í Grafarvogi eru nær alveg óraskaðar og teljast til fjöruvistgerða með hátt verndargildi. Leirum í Elliðavogi hefur verið raskað mikið gegnum tíðina vegna uppfyllinga og þeim mun mikilvægara að viðhalda Grafarvogsleirunum áfram nær öröskuðum. Í vinningstillögu FOJAB sem verður leiðarljós við útfærslu skipulagsins koma fram hugmyndir sem að mati Náttúrufræðistofnunar eigi alls ekki að fara eftir þ.e. að byggja útivistarmannvirki út í voginn sem valda raski á leirunum. Ekki eigi að byggja nein mannvirki út í voginn að mati Náttúrufræðistofnunar. Friðlýsing Grafarvogsins hefur verið í undirbúningi um allnokkurt skeið og telur Náttúrufræðistofnun mjög mikilvægt að af henni verði til að tryggja verndun svæðisins til framtíðar.

Uppbygging íbúðarbyggðar í landi Keldna getur valdið auknu álagi á búsvæði fugla í Grafarvogi jafnvel þó ekkert verði um beint rask á fjöru- og leirusvæðum. Í dag er Grafarvogur sannarlega umkringdur mannvirkjum að stórum hluta og er t.d. í miklu návígi við stóra umferðargötu, Gullnibru. Má því álykta að fuglalíf svæðisins sé að einhverju leyti aðlagð nábýli við fólk og ýmsar truflanir. Á því geta þó verið þolmörk sem ber að leggja mat á eins og hægt er og þá ætti að tryggja skynsamlegan öryggisjaðar kringum Grafarvoginn þar sem t.d. ætti ekki að stefna að húsabyggingum. Ágætt er að miða við núverandi legu göngustígar í því sambandi en skoða þarf það nákvæmar. Þá þarf sérstaklega að skoða hvort einhver tiltekin atriði er varða uppbygginguna geti haft truflandi áhrif og dregið úr gæðum fjörubúsvæðanna. Þar ber fyrst að nefna að tryggja þarf að Grafarlækur og nánasta umhverfi hans verði hlíft sem mest fyrir raski. Lækurinn sjálfur er mikilvægasta uppspretta ferskvatns sem berst í Grafarvoginn en það ferskvatn er mikilvæg forsenda fyrir fjörlífriki og einnig sækja ýmsir fuglar mikið í svæðið þar sem lækurinn fellur út í Grafarvog og rennur áfram á háfjöru út voginn. Tryggja þarf að vatnsflæði í læknum skerðist ekki. Vitað er að mengun hefur verið allnokkur í Grafarlæk sem jafnvel á uppruna sinn úr töluverðri fjarlægð. Bæta þyrfti vatnsástand lækjarins og mikilvægt að það versni ekki. Útfærslur á meðferð yfirborðsvatns munu skipta miklu máli í þessu samhengi og jákvætt er að stefnt sé að umfangsmiklum grænum ofanvatnslausnum. Einnig má

skoða aðrar mengunarvarnir t.d. val á efnivið og aðrar hönnunarútfærslur fyrir mannvirkjagerð þ.m.t. bæði byggingar og samgöngumannvirki. Viðhalda þarf gróður- og jarðvegsþekju í næsta nágrenni Grafarlækjar til að tryggja að ekki verði of mikil skerðing á að næringarefni berist í lækinn sem eru mikilvæg fyrir lífríki hans. Skoða ætti hvernig farleiðir farfuglahópa eru um svæðið, einkum þegar stórir hópar fljúga inn og út í Grafarvoginn á fartíma. Meta þarf hvort áform um nýbyggingar í landi Keldna geti truflað flugleiðir á einhvern hátt. Einnig þarf að skoða mögulega áflugshættu og móta t.d. staðsetningu og hæð bygginga og velja byggingarefni með það í huga. Þá ber að meta hvaða áhrif uppbyggingaráform hafa á varp fugla á svæðinu en t.d. verpa grágæsir, æðarfuglar, máfar og ýmsir vað- og spörfuglar í og við Grafarvoginn. Taka þarf tillit til þess þegar ólíkar útfærslur eru skoðaðar.


Úlfarsá/Korpa er á gildandi náttúruminjaskrá og undir hverfisvernd. Áin er laxveiðiá og þar er auðugt fuglalíf, bæði á varptíma en einnig nota t.d. ýmsar andategundir ána sem dvalar- og fæðuöflunarstað á veturna. Þá rennur áin út í Blikastaðakró þar sem eru friðlýst fjörusvæði og mikilvæg fæðuöflunarsvæði margra fugla og annarra dýra. Tryggja þarf að uppbygging á Keldnaholti hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki árinna og virða skal mörk verndarsvæða þegar byggingarreitir eru skilgreindir og við athafnir á framkvæmdatíma. Útfærslur á frárænnislausnum og öðrum mengunarvörnum eru afar mikilvægar í þessu samhengi og leggja þarf mat á hættu á aukinni ljósmengun frá nýrri byggð sem t.d. laxfiskar geta verið viðkvæmir fyrir.

Mikilvægt er að kortleggja jarðminjar á svæðinu og leggja mat á hvort einstök svæði eða minjar hafa meira verndargildi en önnur. Til dæmis er vitað um ísaldarminjar í Grafargili og þá er grágrýtisjökulruðningur allvíða ofarlega í landi Keldna og á Keldnaholti, þó víða sé hann þakinn gróðri. Verndargildi getur falist í stórgerðu grágrýti og það setur mikinn svip á landslag og veitir t.d. fjölbreyttri flóru mosa- og fléttna búsvæði. Áformuð uppbygging mun leiða til mikilla breytinga á landslagi svæðisins sem í dag einkennist af samspili af náttúrulegu landslagi og fjölbreyttu mannvistarlandslagi, bæði þéttbýli og landbúnaðar- og garðyrkjulandslagi. Skynsamlegt væri að kortleggja og meta gildi ólíkra landslagseininga svæðisins enda svæðið stórt og áberandi þar sem það liggur í borgarlandinu.

Grafarvogur og nánasta umhverfi þ.m.t. Keldnalandið er vinsælt og mikilvægt útivistarsvæði í dag. Uppbygging á hluta svæðisins útilokar ekki áframhaldandi útivistargildi þess en huga þarf mjög vandlega að útfærslum og taka tillit til mögulegra áhrifa á náttúru svæðisins en eitt stærsta aðdráttarafl fyrir útivist á svæðinu er einmitt nálægð við auðuga náttúru s.s. ríkulegan gróður og ekki síst fjölbreytt og mikið fuglalíf í Grafarvöginum. Fá svæði í borginni eru eins aðgengileg þegar kemur að tækifærum fyrir fuglaskoðun og í því felast mikil verðmæti.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar